

**Fundur í stjórn Verkefna-og rannsóknarsjóðs Fljótsdalshrepps og Landsbankans,
haldinn í útibúi Landsbankans á Egilsstöðum 18.09 2017 ,kl. 13.00**

Mættir eru Gunnþórunn, Jóhann og Ágúst.

1. Ársreikningur 2016

Formaður fór yfir reikninginn, tekjur eru 523.874,- og gjöld 410.284,-. Þar af var greiddur styrkur að upphæði 350.000,-. Ógreidd styrkloforð nema 475.000 og kröfur á Landsbankann og Fljótsdalshrepp eru 500.000,-. Reikningur samþykktur.

2. Umsóknir um styrk úr sjóðnum 2017

Borist hafa 3 umsóknir, frá Hrafnkötlu Eiríksdóttur, Brynjari Darra Sigurðssyni og Albert Alonso.

Hrafnkatla er að rannsaka útbreiðslu og tegundafjölbreytni lungnaorma í íslensku sauðfé.

Brynjar Darri er að rannsaka stýringu og stjórnun ferðamanna í Fljótsdal, nánar tiltekið á Hengifossvæði.

Albert Alonso er að skoða möguleika á eldsneytisframleiðslu úr lífmassa, hluti af mastersnámi við Álaborgarháskóla.

Jóhann vekur athygli á að tengdasonur hans er leiðbeinandi við ofangreint verkefni Alberts Alonso. Eftir umfjöllun stjórnar er niðurstaða sú, að hann sé ekki vanhæfur v/vensla.

Eftir umfjöllun stjórnar sjóðsins er niðurstaðan eftirfarandi:

Verkefni Hrafnkötlu hlýtur aðalstyrk að upphæð kr. 300.000,-

Verkefni Brynjars Darra hlýtur aðalstyrk að upphæði kr. 300.000,-

Verkefni Alberts Alonso hlýtur verkefnastyrk að upphæð kr. 100.000,-

3. Ákvörðun um hvort felld verða niður styrkloforð, þ.e. eldri en 2ja ára.

Samþykkt að fella niður tvö ósótt styrkloforð frá árinu 2013. Styrkþegar eru Jón Benjamínsson- 150.000,- og Egill Gunnarsson- 100.000,-

4. Árstíllag 2017

Samþykkt að Landsbankinn og Fljótsdalshreppur greiði framlag sem nemur 250.000,- á hvorn aðila fyrir sig vegna reksturs 2017.

Jóhann brýnir aðila að sjá til þess að greiðslur berist á réttum tíma.

5. Önnur mál

Gunnþórunn sýnir fundarmönnum fullunna skýrslu frá styrkþega Sigurlaugu J.Ó. Þorsteinsdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.55

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Ágúst Arnórsson (sign)